

# **Kaupfélag Borgfirðinga**

**Ársreikningur 2003**

**Efnisyfirlit****bls.**

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun endurskoðenda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5 - 6
Sjóðstreymi .....	7
Reikningsskilaaðferðir .....	8
Skýringar og sundurliðanir .....	9 - 11

Kaupfélag Borgfirðinga  
Borgarbraut 58-60  
310 Borgarnes  
kt. 680169-6679

## Skýrsla og áritun stjórnenda

Kaupfélag Borgfirðinga er nú rekið sem eignarhaldsfélag, að undanskyldu því að á árinu var lokið við að selja sauðfjárafurðabirgðir sem til féllu haustið 2001.

Helstu verkefni stjórnar og stjórnenda voru að ljúka sölu sauðfjárafurða og uppbyggingu nýs húss að Egiilsholti 2, sem síðan var leigt KB Borgarnesi ehf., fyrir byggingarvörudeild þess.

KB Borgarnesi ehf. rekur nú allan verslunarrekstur sem áður tilheyrði kaupfélaginu. Eignarhluti Kaupfélags Borgfirðinga í félaginu er 84,6% og það því dótturfélag kaupfélagsins. Ekki eru gerð samstæðureikningsskil fyrir móður-og dótturfélagið, eða hlutdeildaraðferð beitt þar sem stefnt er að dreifðri eignaraðild að einkahlutafélaginu.

Tap varð af rekstri félagsins að fjárhæð 36,2 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi og eigð fé þess nam 109,1 milljón króna í árslok samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningi varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnsjóður félagsmanna nam 5,8 milljónum króna í árslok og skiptist á 373 félagsmenn. Heildarfjöldi félagsmanna í árslok var 1.403 og hafði fækkað um 12 á árinu.

Það er álit stjórnar Kaupfélags Borgfirðinga að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningum.

Stjórn og kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 30. mars 2004.

Í stjórn félagsins:

Kaupfélagsstjóri:

Sveinn Hallgrímsson  
stjórnarformaður

Guðsteinn Einarsson

Guðbjartur Gunnarsson  
varaformaður

Guðrún Sigurjónsdóttir  
ritari

Pétur Geirsson  
meðstjórnandi

Guðbrandur Guðbrandsson  
meðstjórnandi

## Áritun endurskoðenda

### Til stjórnar og félagsmanna í Kaupfélagi Borgfirðinga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Kaupfélags Borgfirðinga fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskila- aðferðir og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2003, efnahag þess 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Borgarnesi, 30. mars 2004.

**PricewaterhouseCoopers hf**

Geir Geirsson  
endurskoðandi

Gunnar Þór Ásgeirsson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2003

	Skýr.	2003	2002
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala .....		39.282.466	72.720.388
Aðrar rekstrartekjur .....		17.289.773	10.393.253
		<u>56.572.239</u>	<u>83.113.641</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		1.719.725	24.021.438
Laun og launatengd gjöld .....		3.587.038	4.334.036
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....		625.000	(6.992.441)
Birgðabreyting framleiðsluvara .....		44.047.191	41.727.790
Annar rekstrarkostnaður .....		11.577.882	28.673.406
Tap af sölu eigna .....		0	9.616.457
Afskriftir .....	1	1.639.861	3.373.920
		<u>63.196.697</u>	<u>104.754.606</u>
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>		(6.624.458)	(21.640.965)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur .....		208.205	2.021.484
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....		(15.266.200)	(10.132.923)
Fenginn arður og hagnaður af sölu hlutabréfa .....		45.163.361	1.337.308
Niðurfærsla hlutafjäreignar og tap af sölu hlutabréfa .....		(59.685.377)	0
		<u>(29.580.011)</u>	<u>(6.774.131)</u>
<b>Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta</b>		(36.204.469)	(28.415.096)
Tekjuskattur .....		0	0
Eignarskattur .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<u>(36.204.469)</u>	<u>(28.415.096)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir	Skýr.	2003	2002
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	1		
Fasteignir .....		142.424.060	43.894.345
Áhöld og tæki .....		0	1.374.112
		<u>142.424.060</u>	<u>45.268.457</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	2	187.268.906	217.688.225
		<u>187.268.906</u>	<u>217.688.225</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>329.692.966</u>	<u>262.956.682</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....		0	44.047.191
Viðskiptakröfur .....	3	4.394.519	12.658.632
Aðrar skammtímakröfur .....		861.507	3.476.430
Handbært fé .....		1.117.227	0
		<u>6.373.253</u>	<u>60.182.253</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>336.066.219</u>	<u>323.138.935</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2003

<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2003</b>	<b>2002</b>
<b>Eigið fé</b>	4		
Stofnsjóður og bundið eigið fé .....		5.761.354	5.806.418
Annað eigið fé .....		103.342.227	139.921.505
		<u>109.103.581</u>	<u>145.727.923</u>
 <b>Skuldir</b>			
Víkjandi lán og skuldbindingar :			
Víkjandi lán .....	5	8.505.443	8.279.864
Lífeyrisskuldbindingar .....	6	23.586.000	22.961.000
		<u>32.091.443</u>	<u>31.240.864</u>
 Langtímaskuldir:	7		
Skuldir við lánastofnanir .....		126.327.606	47.490.952
		<u>126.327.606</u>	<u>47.490.952</u>
 Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir .....		41.828.157	41.160.940
Viðskiptaskuldir .....		9.345.223	10.920.694
Aðrar skammtímaskuldir .....		6.685.954	9.196.036
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	7	10.684.255	37.401.526
		<u>68.543.589</u>	<u>98.679.196</u>
 <b>Skuldir samtals</b>		226.962.638	177.411.012
 <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>336.066.219</u>	<u>323.138.935</u>
 <b>Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar</b>	8		
 <b>Aðrar upplýsingar</b>	9		

## Sjóðstreymi ársins 2003

	Skýr.	2003	2002
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins .....		(36.204.469)	(28.415.096)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	3	1.639.858	3.373.920
Aðrir liðir .....		(13.289.064)	(1.676.372)
		<u>(47.853.675)</u>	<u>(26.717.548)</u>
(Hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		10.876.036	23.987.691
Birgðir .....		44.047.191	41.727.790
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(4.680.934)	(189.046)
		<u>50.242.293</u>	<u>65.526.435</u>
<b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>		<u>2.388.618</u>	<u>38.808.887</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....		(129.492.906)	(4.021.405)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....		32.025.390	14.100.000
Keyptir/seldir eignarhlutar í öðrum félögum .....		49.538.487	400.000
		<u>(47.929.029)</u>	<u>10.478.595</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Útborgað eigið fé .....		(372.507)	(273.525)
Afborgun af lífeyrisskuldbindingu og innlánsdeild .....		(3.634.404)	(2.990.559)
Afborganir langtímalána .....		(69.389.167)	(6.992.403)
Ný langtímalán .....		119.386.500	0
Skammtímalán, breyting .....		667.217	(39.030.995)
		<u>46.657.639</u>	<u>(49.287.482)</u>
<b>Lækkun á handbæru fé</b>		1.117.227	0
Handbært fé í upphafi ársins .....		0	0
<b>Handbært fé í lok árs</b>		<u><u>1.117.227</u></u>	<u><u>0</u></u>



## Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

### Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stóð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða innlausn, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Rekstrarreikningur

#### Sala

Seldar vörur og þjónusta er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

### Efnahagsreikningur

#### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði. .

Afskriftarhlutföll eru eftirfarandi:

Fasteignir .....	2-4%
Áhöld og tæki .....	15-20%

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

#### Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúarbyrjun 2004. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

#### Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

#### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum.

#### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

## Skýringar

### 1. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals	
Stofnverð 1/1 .....	94.167.889	13.741.093	107.908.982	
Keypt á árinu .....	129.492.906	0	129.492.906	
Fært úr vegna sölu .....	(75.736.104)	(13.741.093)	(89.477.197)	
Heildarverð 31/12 .....	147.924.691	0	147.924.691	
Afskrifað 1/1 .....	50.273.548	12.366.984	62.640.532	
Afskrifað á árinu .....	1.639.858	0	1.639.858	
Afskriftir færðar út .....	(46.412.772)	(12.366.984)	(58.779.756)	
Afskrifað 31/12 .....	5.500.634	0	5.500.634	
Bókfært verð 31/12 2003 .....	142.424.057	0	142.424.057	
	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, leigulöð	Brunabótamat	Bókfært verð
Fasteignir eru metnar þannig: .....	52.457.000	21.376.000	139.758.000	142.424.057
	52.457.000	21.376.000	139.758.000	142.424.057

### 2. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutur í félagum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Borgarland ehf. ....	22.000.000	24.327.000
KB Borgarnesi ehf. ....	150.897.430	162.147.430
Eignarhlutir í öðrum félagum (samtsals 6 félag) .....	794.476	794.476
	173.691.906	187.268.906

Eignarhluti í KB Borgarnesi ehf. nemur um 84,6% af heildarhlutafé félagsins. Hlutdeildaraðferð og samstæðu-reikningsskilum er ekki beitt þar sem stefnt er dreifðri eignaraðild að félaginu ákvörðun samkvæmt forráðamönnum félagsins.

### 3. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslu-reikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslureikningi greinist þannig:

Frá fyrra ári .....	36.900.000
Afskrifaðar kröfur á árinu .....	(1.421.317)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	5.921.317
Niðurfærsla 31/12 .....	41.400.000

## Skýringar

### 4. Eigið fé

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Stofnsjóður og bundið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Jöfnuður 1.1 .....	5.806.418	139.921.603	145.728.021
Vextir til stofnsjóðs .....	372.507	(372.507)	0
Breyting stofnsjóðs .....	(419.971)		(419.971)
Tap ársins .....		(36.204.469)	(36.204.469)
Jöfnuður 31.12 .....	<u>5.758.954</u>	<u>103.344.627</u>	<u>109.103.581</u>

Stofnsjóður og bundið eigið fé greinist þannig:

Stofnsjóður félagsmanna .....	5.590.354
Menningarsjóður .....	168.500
	<u>5.758.854</u>

### 5. Lífeyrisskuldbindingar

Félagið hefur gert eftirlaunasamning við fyrrverandi stjórnanda. Skuldbinding félagsins hefur verið reiknuð út og nemur hún 23,6 millj. kr. í árslok m.v. 3,0% vexti. Skuldbinding var 22,9 millj. kr. í ársbyrjun og hefur hún því hækkað um 625 þús. kr. á árinu. Skuldbindingin er færð meðal langtímaskulda í ársreikningnum og breytist hún þannig á árinu.

Staða 1.1 2003 .....	22.961.000
Greitt á árinu .....	(3.587.038)
Hækkun á árinu .....	4.212.038
Lífeyrisskuldbinding 31.12 2003 .....	<u>23.586.000</u>

### 6. Víkjandi lán

Á árinu 2000 gaf félagið út skuldabréf að fjárhæð 7,5 millj. kr. með víkjandi rétti. Bréfið sem er til 5 ára hefur eiginleika eigin fjár að því leyti að það víkur fyrir öðrum skuldum félagsins ef því yrði slitið. Vextir eru fastir 7% og lánið er verðtryggt með vísitölu neysluverðs.

## Skýringar

### 7. Langtímaskuldir

Verðtrygð lán, vextir 6 - 8,75% .....	137.011.861
	<u>137.011.861</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok árs greinast þannig:

Árið 2004 .....	10.684.255
Árið 2005 .....	11.285.760
Árið 2006 .....	8.715.651
Árið 2007 .....	8.071.032
Árið 2008 .....	8.071.032
Síðar .....	90.184.131
	<u>137.011.861</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 137.011.861 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda .....	10.684.255
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	126.327.606
	<u>137.011.861</u>

### 8. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

#### Veðsetningar

Fasteignir félagsins, sem bókfærðar eru á 142,4 millj. kr. og hlutabréf sem bókfærð eru á 217,7 millj. kr. í árslok eru veðsett til trygginga á langtímaskuldum, sem námu 137 millj. kr. á sama tíma.

Til viðbótar hafa verið gefin út tryggingabréf með veði í viðskiptakröfum og birgðum félagsins.

Félagið er í ábyrgðum vegna seldra verðbréfa og fyrir skuldum annara sem eru að eftirstöðvum um 15 millj. kr. Þar af eru vanskil um 65 þús. kr.

Þar að auki er félagið í ábyrgðum fyrir yfirdrætti að fjárhæð um 2 millj. kr. og langtímaskuldum sem námu um 5,5 millj. í árslok fyrir KB Borgarnesi ehf.

### 9. Aðrar upplýsingar

#### Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2004 vegna rekstrarársins 2003. Yfirfæranlegt skattalegt tap nýttist á móti skattalegum hagnaði næstu tíu árin.